

Mál nr. 108/2013**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (R)****Skemmdir á bifreið sem ekið var í holu á vegi 24.02. 2012.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið í mars 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.03. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifreið sinni eftir vegi á milli Stórhöfða og Sævarhöfða er liggur við Bryggjuhverfið í Grafarvogi en vegurinn er ómalbikaður. Við skil á milli malbiks og malarvegar lenti bifreið M í holu sem var full af rigningarvatni þannig að tjón varð. M telur sig ekki hafa getað séð holuna.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu R þar sem ekki þykir sýnt að tjónið verði rakið til sakar af hálfu vátryggingartaka. Samkvæmt upplýsingum frá R þá voru viðvörðunarkerki báðum megin vegarins sem eiga að vara vegfarendur við hættu og hugsanlegum ójöfnum. Þessi leið sé ekki merkt sem gata eða leið að Bryggjuhverfinu. Þeir sem fara þessa leið/slóð inn í eða út úr hverfinu ætti að vera ljóst að hún getur verið holótt. Gæta þarf því sérstakrar varúðar þegar ekið þarna yfir. Miðað við fyrirliggjandi gögn þygi ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna R eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki verður látinn bera skaðabótaábyrgð á. Varað er sérstaklega við aðstæðum og því á ábyrgð vegfarenda að fara gætilega þegar þessi leið er valin.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ökumenn sem velja þann kost að fara þessa leið má vera ljóst að hún getur verið holótt. Gæta þarf varúðar þegar ekið þarna um. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ósannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi af hálfu starfsmanna R eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki verður látinn bera skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.